

L ö g9
31. maí

um

um heimild til undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um
aðflutningsbann á áfengi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Með konunglegri tilskipun má ákveða, að vín, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að rúmmáli, skulu um eitt ár undanþegin ákvæðum laga 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutning, um landið. Ennfremur má í sömu tilskipun ákveða, að með reglugerð skuli sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vína þessara frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar. Í tilskipuninni má og einnig setja ákvæði um eftirlit með innflutningi þessara vína og annað þar að lútandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 31. maí 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.